

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1940.

Bráðabirgðalög um loftvarnaráðstafanir, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 2. ágúst 1940, nr. 122

Lög um bann gegn jarðraski, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 17. ágúst 1940, nr. 123.

Bráðabirgðalög um radió-senditæki, undirskrifuð sama dag, nr. 124.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 22. ágúst 1940, nr. 125.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 73 7. maí 1940, um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 27. ágúst 1940, nr. 126.

Auglýsing um samning um flutning meðlima milli sjúkrasamlaga á Íslandi og í Danmörku, undirskrifuð af ráðherra utanríkismála 5. september 1940, nr. 127.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 27 8. sept. 1931, er heimila ríkisstjórninni að flytja inn sauðfé til sláturfjárþóta, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 3. október 1940, nr. 128.

Tilskipun um manntal árið 1940, undirskrifuð sama dag, nr. 129.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 91 14. maí 1940, um húsaleigu, undirskrifuð sama dag, nr. 130.

Auglýsing um samkomulag um að islenzk skip og vörur skuli njóta beztu kjara í Bandaríkjunum Ameríku og gagnkvæmt, undirskrifuð af ráðherra utanríkismála 25. október 1940, nr. 131.

Bráðabirgðalög um breyting á áfengislögum nr. 33 9. jan. 1935, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 29. október 1940, nr. 132.

Bráðabirgðalög um frestun á gildistöku bifreiðalaga nr. 75 7. maí 1940 og umferðalaga nr. 110 30. maí 1940, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 16. nóvember 1940, nr. 133.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 32 14. júlí 1929, um loftferðir, undirskrifuð sama dag, nr. 134.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 32 3. nóv. 1915, um veitingu prestakalla, undirskrifuð af ráðuneyti Íslands, handhafa konungsvalds, 22. nóvember 1940, nr. 135.

Auglýsing frá ríkisstjórninni í 46. tbl. Lögbirtingablaðsins 1940, 128 um siglingahættu vegna hernaðaraðgerða Breta.

16. ágúst

Vegna hernaðaraðgerða Breta eru hér með birtar eftirfarandi tilkynningar:

1. Reykjavíkurhöfn:


Girðing (boom) hefir verið lögð þvert fyrir innsiglinguna til Reykjavíkur. Eftirfarandi merki verða sýnd þegar girðingin er lokuð:

Að degi til: Tvær svartar kúlur.

Að nóttu: Hvítt, rautt og hvítt ljós, þráðbeint hvert upp af öðru.

2. Bannað er að leggjast við akkeri eða að veiða með hvers konar botnslæðum á svæði því, sem sýnt er á eftirfarandi uppdrætti:

34



Takmörk bannsvæðisins.

Vesturtakmörk: Lína frá Akranesvita til staðar á $64^{\circ} 15'$ n.brd. og $22^{\circ} 07'$ v.lgd., þaðan í Kerlingarsker ($64^{\circ} 09' 2''$ n.brd., $22^{\circ} 03' 4''$ v.lgd.).

Austurtakmörk: Lína frá Krossvíkurvita ($64^{\circ} 18' 9''$ n.brd., $22^{\circ} 03' 4''$ v.lgd.) í austur-rönd Akureyjar og þaðan í land.

Norðurtakmörk: Ströndin við Akranes.

Suðurtakmörk: Lína frá Kerlingarskeri í Gróttuvita, og síðan norðausturströnd Seltjarnarness.

Auglýsing frá ríkisstjórninni í 50. tbl. Lögbirtingablaðsins 1940, um umferðahöft vegna hernaðaraðgerða Breta.

Fyrir hernaðaraðgerðir Breta er umferð á svæði á Seltjarnarnesi og á Hval-eyri sunnan Hafnarfjarðar háð eftirliti, og verða þau svæði afgirt með gaddavír.

Eftirlitið nær sérstaklega til þeirra, er ekki eiga heimili innan hins afgirta svæðis, og verður þeim ekki leyft að víkja af aðalvegunum, nema þeir eigi til þess brýnt erindi, enda geri þeir varðmönnum grein fyrir erindi sínu.